

## 1998 nr. 15 25. mars

### Lög um dómstóla

Tóku gildi 1. júlí 1998, sjá þó 34. gr. *Breytt með l. 47/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brábkv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 147/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010), l. 45/2010 (tóku gildi 29. maí 2010), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 12/2011 (tóku gildi 17. febr. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).*

#### I. kaffli. Dómstólaskipanin.

- **1. gr.** Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins. Hann er áfrýjunardómstóll og hefur aðsetur í Reykjavík.
- **2. gr.** Dómstólar í héraði eru átta. Heiti peirra, aðsetur og umdæmi eru sem hér segir:

1. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur aðsetur í Reykjavík og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

2. Héraðsdómur Vesturlands hefur aðsetur í Borgarnesi og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Akranes-kaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Andakflshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítarsíðuhreppur, Þverárhliðarhreppur, Borgarhreppur, Borgarbyggð, Álfstaneshreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snaefellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð og Saurbæjarhreppur.

3. Héraðsdómur Vestfjarða hefur aðsetur á Ísafirði og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldraneshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólhreppur, Broddaneshreppur og Bæjarhreppur.

4. Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur aðsetur á Sauðárkróki og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólhreppur, Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduósbaer, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælis- hreppur, Höfðahreppur, Skagahreppur, Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fljóta- hreppur og Siglufjarðarkaupstaður.

5. Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur aðsetur á Akureyri og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Ólafsfjarðarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Hríseyjarhreppur, Árskógs- hreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glaesibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdalælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðshreppur og Þórshafnarhreppur.

6. Héraðsdómur Austurlands hefur aðsetur á Egilsstöðum og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Skeggjastaða- hreppur, Vopnafjarðarhreppur, Hlíðar-, Jökuldals- og Tunguhreppur, Fljótsdalshreppur, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðabær, Fellahreppur, Eiðahreppur, Hjaltastaðahrepp-

ur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Bæjarhreppur, Hornafjarðarbær, Borgarhafnarhreppur og Hofs- hreppur.

7. Héraðsdómur Suðurlands hefur aðsetur á Selfossi og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvölkreppur, Rangárvalla- hreppur, Holta- og Landsveit, Ásahreppur, Djúpárhreppur, Vestmannaeyjabær, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Sel- frosskaupstaður, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur, Grímsneshreppur, Þingvallahreppur, Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Ölfusshreppur.

8. Héraðsdómur Reykjaness hefur aðsetur í Hafnarfirði og heyra þessi sveitarfélög til umdæmis hans: Grindavík- urkaupstaður, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Reykjaneshær, Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garða- bær, Bessastaðahreppur og Kópavogsbaer.

□ Umdæmi hvers héraðsdómstóls skal vera ein þinghá. Frá þessu má [ráðherra]<sup>1)</sup> þó víkja með reglugerð<sup>2)</sup> sem hann getur sett að fenginni umsögn hlutaðeigandi héraðsdómstóls og dómstólaráðs.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 260. gr. <sup>2)</sup> Rg. 395/1998, sbr. 1109/2010.

- **3. gr.** Aðrir dómstólar eru Félagsdómur og Landsdómur. Um þá sérdómstóla gilda ákvæði í öðrum lögum.

#### II. kaffli. Hæstiréttur Íslands.

■ **4. gr.** Í Hæstarétti eiga sæti níu dómarar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tillögu [ráðherra].<sup>1)</sup>

□ Pann einn má skipa í embætti hæstaréttardómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 35 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgarárétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.

6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.

7. Hefur starfað í minnst þrjú ár sem héraðsdómari, hæstaréttarlögmaður, prófessor í lögum, löggreglustjóri, sýslumaður, ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í [ráðuneytinu]<sup>1)</sup> eða umboðsmaður Alþingis eða hefur um jafnlangan tíma gegnt öðru líku starfi sem veitir hliðstæða lögfræðilega reynslu.

8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.

□ Í embætti hæstaréttardómara má ekki skipa þann sem er eða hefur verið í hjúskap við dómarar sem þar er skipaður fyrir eða skyldur slískum dómarar eða mægður að feðgatali, niðjatali eða öðrum lið til hliðar.

□ ...<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr. <sup>2)</sup> L. 45/2010, 1. gr.

■ [4. gr. a. [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar fimm menn í dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara og héraðsdómara. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af Hæstarétti, þar af annar þeirra sem formaður nefndarinnar, og skal að minnsta kosti annar þeirra ekki vera starfandi dómar. Tilnefnið dómstólaráð þriðja nefndarmanninn en Lögmanna-félag Íslands þann fjórða. Fimmti nefndarmaðurinn skal kosið inn af Alþingi. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Skipunartími í nefndina er fimm ár en þó þannig að skip-unartími eins manns rennur út hvert ár. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftast en tvísvar samfleyyt.

□ Dómnefnd skal láta [ráðherra]<sup>1)</sup> í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara. Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna. Að öðru leyti setur ráðherra nánar reglur<sup>2)</sup> um störf nefndarinnar.

□ Öheimilt er að skipa í dómaraembætti mann sem dómnefnd hefur ekki talið hæfastan meðal umsækjenda, hvort heldur einn eða samhliða öðrum. Frá þessu má þó víkja ef Alþingi sampykkir tillögu [ráðherra]<sup>1)</sup> um heimild til að skipa í embættið annan nafngreindan umsækjanda sem fullnægir að mati dómnefndar öllum skilyrðum 2. og 3. mgr. 4. gr. Ráðherra skal þá leggja slíka tillögu fyrir Alþingi innan tveggja vikna frá því að umsögn dómnefndar er afhent honum eða innan þess tíma frá því að Alþingi kemur næst saman eftir að umsögn er fengin og verður tillaga að vera samþykkt innan mánaðar frá því að hún er lögð fram, ella er ráðherra bundinn af umsögn dómnefndar.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 620/2010. <sup>3)</sup> L. 45/2010, 2. gr.

■ 5. gr. Hæstaréttardómarsar kjósa sér forseta til [fimm]<sup>1)</sup> ára í senn og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta þegar hann hefur forföll eða er fjarstaddir. Biðjist forseti eða varaforseti lausnar frá því starfi eða láti hann af dómaraembætti áður en kjörtímabili er lokið skulu dómarsar kjósa annan í hans stað til loka þess. Hæstiréttur tilkynnir um kjör forseta og varaforseta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

□ Forseti fer með yfirstjórn Hæstaréttar. Með þeim takmörkunum, sem leiðir af öðrum ákvæðum laga, stýrir forseti meðal annars þeirri starfsemi Hæstaréttar sem er ekki hluti af meðferð málss fyrir dómi, skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna og fer með agavalda yfir þeim. Hann ber ábyrgð á rekstri Hæstaréttar og fjárréðum og kemur fram af hálfu dómstólsins út á við, auk þess að gegna þeim sérstöku störfum sem mælt er fyrir um í öðrum lögum.

□ Nú eru hvorki forseti Hæstaréttar né varaforseti við störf eða hvorugur þeirra getur tekið þátt í afgreiðslu málss eða öðru embættisverki, og kemur þá í stað forseta sá dómar sem lengst hefur verið skipaður hæstaréttardómari.

<sup>1)</sup> L. 12/2011, 1. gr.

■ 6. gr. Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn samkvæmt ákvörðun dómenda þar. Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta og í umboði hans, auk þess að gegna öðrum störfum sem forseti kann að mæla fyrir um. Skrifstofustjóri Hæstaréttar er embættismaður og fer um stöðu hans að öðru leyti eftir almennum reglum um slíka starfsmenn ríkisins. Þann einná má skipa í embættið sem hefur lokið embættisprófi í lögum eða hliðstæðri prófgráðu í lögfræði eða annarri grein við háskóla.

□ Forseti ræður til Hæstaréttar lögfræðimenntaða aðstoð-armenn og aðra starfsmenn og ákveður verksvið þeirra og stöðu. Hann fer og með vald til að slíta ráðningu þeirra eftir þeim almennu reglum sem gilda um starfsmenn ríkisins.

■ 7. gr. Eftir ákvörðun forseta taka þrír eða fimm dómamar við Hæstarétt hverju sinni þátt í meðferð málss fyrir dómi. [Í sérlega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að fleiri en fimm dómamar skipi dómi, en fjöldi þeirra skal þó standa á oddatölu.]<sup>1)</sup> Þá getur forseti ákveðið að einn dómar skipi dómi í kærumáli sem er skriflega flutt og varðar ekki mikils-verða hagsmuni, svo og að einn dómar halddi þing til að taka ákvörðun um rekstur málss eða kveða upp dómi.

□ [Hæstiréttur getur ákveðið að dómurum sé skipað í deildir í afmarkað tímabil í senn eftir fastri almennri reglu.]<sup>1)</sup>

□ Ef mál er umfangsmikið getur forseti ákveðið að dómar, sem tekur ekki annars þátt í meðferð þess, hlýði á málflutning og taki sæti í dóminum ef annar dómar verður síðar fyrir forföllum.

□ Þegar Hæstiréttur fæst lögum samkvæmt við annað en meðferð málss fyrir dómi taka allir reglulegir dómamar þátt í ákvörðun nema mælt sé á annan veg í lögum. Hafi dómar forföll eða sé hann vanhæfur skal að jafnaði ekki kvaddur til varadómari skv. 8. gr. nema færri en fimm hæstaréttardómarsar geti sinnt því.

□ Prátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur Hæstiréttur falið þremur eða fimm dómurum að taka afstöðu til einstakra flokka erinda, svo sem umsókna um áfrýjunarleyfi eða endurupptökum málss. Þá getur Hæstiréttur einnig falið forseta einum að ráða til lykta ýmsum minni háttar málefnum.

<sup>1)</sup> L. 12/2011, 2. gr.

■ 8. gr. Nú er hæstaréttardómarsar vanhæfur til að skipa dómi í máli eða hann fær leyfi eða hefur forföll frá störfum um skamman tíma, og skipar þá [ráðherra]<sup>1)</sup> samkvæmt tillögu forseta varadómara til að taka sæti hans í tilteknu máli. Varadómari skal vera úr röðum héraðsdómara, prófessora í lögum, hæstaréttarlögmannna eða fyrrverandi dómara við Hæstarétt og fullnægja skilyrðum til að skipa megi hann í embætti hæstaréttardómara.

□ Séu allir hæstaréttardómarsar vanhæfir til að skipa dómi í máli skal forseti gera tillögu til [ráðherra]<sup>1)</sup> um einn varadómara til að sitja þar í forsæti. Þegar slíkur varadómari hefur verið skipaður gerir hann tillögu til ráðherra um skipan dómsins að öðru leyti.

□ Varadómari verður ekki leystur frá starfi í máli nema samkvæmt eigin ósk eða hann missi að mati Hæstaréttar almenn dómarskilyrði áður en starfi hans lýkur.

□ Hæstiréttur ákveður þóknun handa varadómara fyrir hvert mál sem hann tekur sæti í.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr.

■ 9. gr. Hæstaréttardómara verður ekki veitt leyfi frá störfum af öðrum sökum en vegna veikinda í lengri tíma en tólf mánuði samfleyyt. [Ráðherra]<sup>1)</sup> veitir dómara leyfi frá störfum. Að fenginni tillögu Hæstaréttar setur ráðherra dómara í embætti meðan á leyfi reglulegs dómara stendur, enda verði ekki farið svo að á leyfistímanum sem í 8. gr. segir.

□ Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt að veita hæstaréttardómara leyfi frá störfum að eigin ósk til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómstóli eða við starfi við alþjóðastofnun. Skal embættið þá auglýst laust til setningar á leyfistímanum, en við veitingu þess skal gætt ákvæða [4. gr. a].<sup>2)</sup>

□ Sá einn verður settur til að gegna embætti hæstaréttar-dómara sem fullnægir skilyrðum til að verða skipaður í það. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómarí nema að því leyti sem leiðir af því að starfi hans er markaður ákvæðinn tími.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr. <sup>2)</sup> L. 45/2010, 3. gr.

■ **10. gr.** Hæstiréttur heldur dómping í Reykjavík nema sér-stök ástæða sé til annars.

□ Forseti Hæstaréttar stýrir dómi ef hann á þar sæti, en ella varaforseti. Taki hvorugur þeirra þátt í meðferð málssitum þar í forsæti sá dómarí í málinu sem lengst hefur verið skipaður hæstaréttardómari.

□ Hæstiréttur getur ákvæðið að draga úr eða fella niður tíma-bundið reglulega starfsemi til að koma megi við orlofi dómar-a og annarra starfsmanna.

■ **11. gr.** Um þingbækur, dómabækur, atkvæðabækur og málaskrár fer samkvæmt reglum sem Hæstiréttur setur.

□ Dómar Hæstaréttar skulu gefnir út. Um tilhögun útgáf-unnar fer eftir ákvörðun Hæstaréttar að fengnu samþykki [ráðherra].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr.

### III. kafli. Héraðsdómstólar.

■ **12. gr.** Dómarar í heraði eru 38 að tölu og skipaðir ótíma-bundið í embætti heraðsdómara af [ráðherra].<sup>1)</sup>

□ Þann einn má skipa í embætti heraðsdómara sem fullnæg-ir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 30 ára aldrí.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki gerst sekur um refsívert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeiri grein sem metið verður því jafngilt.
7. Hefur í minnst þrjú ár verið alþingismaður eða stund-að málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi, en leggja má saman starfstíma í hverri af þessum greinum.

[8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfs-ferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.]<sup>2)</sup>

□ [Ákvæði 4. gr. a gilda að breyttu breytanda við skipun í embætti heraðsdómara.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr. <sup>2)</sup> L. 45/2010, 4. gr.

■ **13. gr.** Í dómistólaráði eiga sæti fimm menn sem [ráðherra]<sup>1)</sup> skipar. Tveir þeirra skulu kjörnir af heraðsdómurum úr þeirra röðum, tveir kjörnir af dómistjórum við heraðsdómstóla úr þeirra hópi, en ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi dómarí. Skipunartími í dó-mistólaráð er fimm ár, en þó þannig að skipunartími eins manns rennur út hvert ár. Hver þessara fimm manna skal hafa vara-mann sem skipaður er og eftir atvikum tilnefndur á sama hátt og aðalmaður. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðal-manns í dómistólaráði oftar en tvívar samfleytt.

□ Láti heraðsdómari eða dómistjóri, sem sæti á í dómistóla-ráði, af embætti eða starfi dómistjóra áður en skipunartími hans er á enda eða fái hann lausn frá setu í ráðinu skal annar kjörinn og skipaður í hans stað til loka skipunartímans. Ráð-herra skipar til sama tíma nýjan mann í dómistólaráð ef sá sem hann skipar án tilnefningar hverfur frá starfinu áður en skipunartíma lýkur.

□ Dómistólaráð kýs sér formann frá byrjun hvers árs að telja. Pað ákvæður hvar starfsemi þess fer fram.

□ [Kjararáð]<sup>2)</sup> ákvæður þóknun fyrir setu í dómistólaráði.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr. <sup>2)</sup> L. 47/2006, 13. gr.

■ **14. gr.** Auk þess sem mælt er fyrir um í öðrum ákvæðum þessara laga er hlutverk dómistólaráðs sem hér segir:

1. Að fara með á sína ábyrgð fjáreiður heraðsdómstóla, gera tillögur til [ráðherra]<sup>1)</sup> um sameiginlega fjárveitingu til þeirra og skipta á milli þeirra fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.

2. Að ákvæða fjölda dómarar og annarra starfsmanna við hvern heraðsdómstól, svo og að setja almennar reglur um flutning dómarar á milli þeirra.

3. Að skipuleggja endurmenntun heraðsdómara og annarra lögfræðinga í þjónustu heraðsdómstóla.

4. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við heraðsdómstóla, en dómistólaráð getur ákvæðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmáls að því leyti sem dómarí ber einn ábyrgð á henni, sbr. 1. mgr. 24. gr.

5. Að safna upplýsingum um fjölda og afgreiðslu mála við heraðsdómstóla og gera eftir þörfum ábendingar af því tilefni, svo og að stuðla að öðru leyti að því að gætt sé þar skilvirkni og hraða við rekstur dómsmála.

6. Að setja eftir þörfum almennar reglur um viðveru-skyldu heraðsdómara á vinnustað og tilhögun orlofs þeirra, þar á meðal um hvort og þá hvernig dregið verði úr starfsemi heraðsdómstóla vegna orlofs dómarar og annarra starfsmanna.

7. Að koma fram gagnvart stjórnvöldum og öðrum í þágu heraðsdómstólanna sameiginlega.

8. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum heraðsdómstóla eða löggið sem um þá gildir.

□ Dómistólaráð skal gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og heraðsdómstólanna.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr.

■ **15. gr.** Dómistólaráð ákvæður við hvaða heraðsdómstól dómarí skuli eiga fast sæti. Heimilt er þó að ákvæða að allt að þrír heraðsdómrar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dó-mstól, heldur sinni þeir störfum við alla heraðsdómstóla eftir því sem þeim kann að vera úthlutað af málum við hvern þeiri á skjóli almennrar heimildar dómistólaráðs. Dómistóla-ráð ákvæður hvar slíkir dómarar hafi starfsstöð.

□ Ákvörðun dómistólaráðs um starfsvettvang skv. 1. mgr. skal hvort heldur gilda um óákvæðinn tíma eða tiltekið tíma-bil. Þegar embætti heraðsdómara er laust skal að jafnaði taka ákvörðun um fyrsta starfsvettvang vætanlegs dómarar áður en það er auglýst laust til umsóknar.

□ Eftir því sem frekast er unnt skal dómistólaráð taka tillit til óska heraðsdómara þegar starfsvettvangur hans er ákvæðinn.

□ Héraðsdómari á rétt á að skipta um starfsvettvang svo fljótt sem verða má eftir að hafa starfað í þrjú ár samfleyst við sama dómistóla eða án fasts sætis við tiltekinn dómistól, enda standi ákvæði 5. mgr. því ekki í vegi að fengið verði fyrir hann dómarasæti á öðrum vettvangi, sbr. og 39. gr.

□ Héraðsdómari verður ekki færður á nýjan starfsvettvang gegn vilja sínum í lengri tíma en sex mánuði á hverju tíu ára tímabili ef hann getur ekki með góðu móti sótt vinnu þar án búferlaflutninga. Þetta gildir þó ekki ef flytja þarf dómarar af starfsvettvangi sínum vegna varanlegrar fækunar dómarar par.

□ Ef þörf er á heraðsdómara, sem á fast sæti við heraðsdómstól, til að starfa að tilteknu dómsmáli við annan heraðsdómstól, þar á meðal í fjölskipuðum dómi, ákveður dómstólaráð hverjum verði falið starfið. Dómara er skyld að hlíta slíkri ákvörðun dómstólaráðs.

■ **16. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar dómstjóra við hvern heraðsdómstól til fimm ára í senn. Þar sem þrír eða fleiri dómamar eiga fast sæti við heraðsdómstól kjósa þeir einn úr sínum röðum til að gegna starfinu, en séu dómamarar tveir tilnefni dómstólaráð annan þeirra til starfans ef þeir koma sér ekki saman um valið. Kosning eða tilnefning bindur ekki ráðherra um skipun dómstjóra. Ef dómari er einn við heraðsdómstól skal hann skipaður þar dómstjóri. Skipun dómstjóra raskast ekki þótt dómurum við dómstól fjölgi eða fækki á skipunar-tímanum.

□ Við heraðsdómstól þar sem þrír eða fleiri heraðsdómamar eiga fast sæti er þeim heimilt að kjósa varadómstjóra, en að öðrum kosti telst staðgengill dómstjóra vera sá dómari við dómstólinn sem lengst hefur verið skipaður í embætti heraðsdómara.

□ Flytjist dómari, sem gegnir starfi dómstjóra, til annars dómstóls eða sé honum veitt lausn frá starfinu eða embætti heraðsdómara skal skipaður nýr dómstjóri samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

□ Nú telur dómstólaráð dómstjóra brjóta af sér í því starfi, og skal það þá gefa honum kost á að tjá sig um ávirðingarnar. Telji dómstólaráð skýringar dómstjóra óviðunandi getur það veitt honum skriflega áminningu. Ef sakir eru miklar eða brot ítrekað getur dómstólaráð lagt til í rökstuddu erindi að dómstjóra verði veitt lausn frá starfinu. [Ráðherra]<sup>1)</sup> tekur ákvörðun um hvort dómstjóra verði veitt lausn, en um meðferð slíks málss gilda að öðru leyti ákvæði stjórnsýslulaga.

□ Auk þess að gegna dómstörfum hefur dómstjóri með höndum stjórn heraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans. Dómstjóri skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna, hann getur skipt dómurum í deildir og úthlutar dómurum eða deildum þeirra málum. Dómstjóri ræður aðra starfsmenn dómstóls en heraðsdómara og slítur ráðningu þeirra. Honum ber að fylgjast með störfum dómara og annarra starfsmanna og gæta aga gagnvart þeim að því leyti sem ekki kemur í hlut annarra samkvæmt ákvæðum 28.-30. gr. Hann fer á eigin ábyrgð með fé sem dómstólaráð leggur dómstólnum í hendur, hann annast samskipti við dómstólaráð um þau málefni sem undir það heyra og hefur annars með höndum verkefni sem dómstólaráð kann að fela honum sér-staklega. Þá kemur dómstjóri að öðru leyti fram út á við í þágu dómstólsins og er í fyrirsvari um sérstök málefni hans.

<sup>1)</sup> L 16/2010, 151. gr.

■ **17. gr.** Til aðstoðar dómurum má ráða til heraðsdómstóla lögfræðinga sem fullnægja skilyrðum 2.-6. tölul. 2. mgr. 12. gr. Dómstjóri annast sílka ráðningu og gilda um hana almennar reglur um starfsmenn ríkisins að öðru leyti en því að hún skal vera tímabundin og ekki til lengri tíma en fimm ára við sama dómstól.

■ **18. gr.** Við úthlutan mála til dómara eða deilda þeirra skal dómstjóri gæta þess að starfsálag þeirra verði svo jafnt sem auðið er, en eftir föngum skal leitast við að tilviljun ráði hvadá dómari far mál til meðferðar. Dómstólaráð getur sett leiðbeiningarreglur um úthlutan mála.

□ Sé máli úthlutað deild dómara ákveða þeir sem hana skipa hver þeirra fari með það.

□ Einn heraðsdómari skipar dóm í hverju máli nema ann-

að sé skyld að lögum. Dómstjóri getur þó ákveðið að neytt verði heimildar í öðrum lögum til að dómur verði fjölskipaður heraðsdómurum. Hann úthlutar þeim þá máli í sameiningu og velur einn úr hópi þeirra til að sitja þar í forsæti. Sé þörf á heraðsdómara frá öðrum dómstóli til að skipa dóm í máli leitar dómstjóri til dómstólaráðs sem felur dómara verkið.

□ Dómara er heimilt að biðjast undan úthlutun mál vegna tengsla við efni þess, aðila, fyrirsvarsmann eða löggmann þótt hann verði ekki talinn vanhæfur til að fara með það, enda sé beiðni hans studd haldbærum rökum og kostur annars dómara við dómstólinn til að fara með málið. Þá er dómara og heimilt að biðjast undan úthlutun vegna sérstakra anna eða þess að jafnaðar sé ekki gætt með henni. Dómstjóri tekur afstöðu til beiðna sem þessara, en dómara þeim sem í hlut á er heimilt að skjóta ákvörðun hans til úrlausnar dómstólaráðs. Peirri úrlausn verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

□ Dómstjóra er heimilt að draga aftur úthlutun án beiðni þess dómara sem hefur fengið mál til meðferðar ef hann verður ekki við tilmælum dómstjóra um að ljúka því innan hæfilegs frests eða veikindi hans eða hliðstæð atvik torvelda að hann geti sinnt því. Hlutaðeigandi dómara er heimilt að skjóta slíkri ákvörðun dómstjóra til úrlausnar dómstólaráðs. Peirri úrlausn verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

□ Nú víkur heraðsdómari sæti í máli, og skal þá dómstjóri úthluta því á ný, enda fullnægi annar dómari sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með það. Ef með þarf getur dómstjóri leitað til dómstólaráðs um að það feli dómara við annan dómstól að taka við úthlutun málssins.

■ **19. gr.** Fullnægi enginn dómari við heraðsdómstól sérstökum hæfisskilyrðum til að fara með mál kveður dómstjóri í einu lagi upp úrskurð um að þeir vísí allir sæti í því. Reynist enginn dómari við annan dómstól heldur hæfur til að fara með málið gefur dómstólaráð skriflegt og rökstutt álit um það. Skal þá [ráðherra]<sup>1)</sup> skipa setudómara til að fara með málið.

□ Setudómari skal fullnægja skilyrðum til að fá skipun í embætti heraðsdómara. Nú hefur setudómari verið skipaður og hann telur þörf á að dómur verði fjölskipaður í málinu með öðrum en sérfróðum meðdómsmönnum eða það er skyld að lögum. Skal [ráðherra]<sup>1)</sup> þá að ósk hans skipa aðra two setudómara til að fara með málið með honum en sá sem fyrst var skipaður situr í forsæti í dómumini.

□ Setudómara verður ekki vikið úr starfi nema eftir sömu reglum og gilda um skipaða dómara.

□ Dómstólaráð ákveður þóknun setudómara og greiðist hún úr ríkissjóði.

<sup>1)</sup> L 16/2010, 151. gr.

■ **20. gr.** Héraðsdómara verður ekki veitt leyfi frá störfum í lengri tíma samfleyst en tólf mánuði nema vegna veikinda. Dómstólaráð getur þó veitt undanþágu til leyfis í lengri tíma, til mest tólf mánuða í senn, ef dómari leitar eftir því til náms. Dómstólaráð setur að öðru leyti reglur um leyfi heraðsdómara frá störfum. Dómstólaráð veitir leyfi vegna orlofs, auk þess að taka afstöðu til umsóknar um leyfi í öðru skyni, sem stendur í heild í mánuð eða skemmti tíma. Að öðrum kosti gerir það tillögu um afgreiðslu umsóknar heraðsdómara um leyfi, en [ráðherra]<sup>1)</sup> ákveður hvort það skuli veitt að fenginni slíkri tillögu.

□ Nú hefur heraðsdómari forföll eða honum er veitt leyfi skv. 1. mgr., og verður þá annar því aðeins settur í embætti hans að sérstakar annir krefji og dómstólaráð mæli með því.

[Ráðherra]<sup>1)</sup> setur þá dómara að fenginni ábendingu dómtólaráðs um mann til starfans. Ráðherra getur þó að eigin frumkvæði eða eftir tillögu dómtólaráðs auglýst embættið laust til setningar meðan á leyfi skipaðs dómara stendur, en dómtólaráð skal þá velja einn úr hópi umsækjenda til að benda á til starfans.

□ Prátt fyrir framangreint er [ráðherra]<sup>1)</sup> heimilt að veita héraðsdómara leyfi að eigin ósk frá störfum til allt að sex ára til þess að hann geti tekið sæti í alþjóðlegum dómtóli eða við starfi við aðra alþjóðastofnun. Skal embættið þá auglýst laust til setningar annars dómara á leyfistímanum, en við veitingu þess skal gætt ákvæða [4. gr. a].<sup>2)</sup>

□ Sá einn verður settur til að gegna embætti héraðsdómara sem fullnægir skilyrðum til að fá skipun í það. Meðan á setningu stendur nýtur sá sem hana hefur fengið sömu stöðu og skipaður dómari.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr. <sup>2)</sup> L. 45/2010, 5. gr.

■ **21. gr.** Héraðsdómstólar skulu hver um sig hafa fastan þingstað á aðsetri sínu, svo og annars í hverri þinghá samkvæmt ákvörðun [ráðherra]<sup>1)</sup> séu þær fleiri en ein innan umdæmis dómtóls. Um slíka ákvörðun skal mælt í reglugerð<sup>2)</sup> sem ráðherra setur að fenginni tillögu hlutaðeigandi dómtóls.

□ Héraðsdómari getur háð þing utan fasts þingstaðar til að taka fyrir mál innan umdæmis síns ef það þykir heppilegt vegna rekstrar þess. Með sama skilyrði getur héraðsdómari einnig háð þing utan umdæmis síns til að taka fyrir mál eftir þingfestingu þess.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr. <sup>2)</sup> Rg. 395/1998, sbr. 1109/2010.

■ **22. gr.** Við héraðsdómstóla skulu háð regluleg dómping á föstum þingstöðum samkvæmt því sem dómtólaráð ákveður að fengnum tillögum dómtjóra. Dómstólaráð tilkynnir slíka ákvörðun með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

#### IV. kafli. Réttindi og skyldur dómara.

■ **23. gr.** Ákvæði þessa kafla taka jafnt til dómara við Hæstarétt og héraðsdómara nema annars sé sérstaklega getið.

□ Til að gegna störfum sem mælt er nánar fyrir um í þessum kafla skipar [ráðherra]<sup>1)</sup> þrjá menn til að sitja í nefnd um dómarastörf, svo og jafnmarga til vara. Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands og einn skipar ráðherra án tilnefningar. Skal sá síðastnefndi vera formaður nefndarinnar og fullnægja skilyrðum til að verða skipaður í embætti hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarmana er sex ár en þó þannig að skipunartími eins þeirra rennur út annað hvert ár. Sömu reglur gilda um skipun varamanna. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í nefndinni oftar en tvívar samfleyytt.

□ Úrlausnum nefndar um dómarastörf verður ekki skotið til annars stjórnavalda.

□ Nefnd um dómarastörf skal hafa eftir þörfum samvinnu við dómtólaráð um starfsemi sína. [Kjararáð]<sup>2)</sup> ákveður þóknun fyrir setu í nefndinni.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr. <sup>2)</sup> L. 47/2006, 13. gr.

■ **24. gr.** Dómarar eru sjálftæðir í dómtörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra. Dómsathöfn verður ekki endurskoðuð af öðrum nema með málscoti til æðra dóms.

□ Dómara er skyld að ljúka á eðlilegum tíma þeim málum sem hann fær úthlutað til meðferðar og rækja störf sín af

alúð og samviskusemi. Dómara ber að hlíta boði forstöðumanns dómtóls um önnur atriði varðandi störf sín en meðferð og úrlausn máls. Héraðsdómurum ber og að hlíta lögmaðum ákvörðunum dómtólaráðs.

□ Dómurum ber að leitast við að halda við þekkingu sinni í lögum. Þeim skal eftir fönugum gefinn kostur á leyfi og stuðningi til endurmenntunar.

■ **25. gr.** [Kjararáð]<sup>1)</sup> ákveður laun dómara fyrir embættisstörf þeirra.

<sup>1)</sup> L. 47/2006, 13. gr.

■ **26. gr.** Dómara er óheimilt að taka að sér starf eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiðir af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi.

□ Nefnd um dómarastörf setur almennar reglur<sup>1)</sup> um hvers konar aukastörf geti samrýmst embættisstörfum dómarar. Dómari skal tilkynna nefndinni um aukastarf áður en hann tekur við því. Sé ekki getið um heimild til að gegna starfinu í almennum reglum nefndarinnar skal dómari þó fyrir fram leita leyfis hennar til þess.

□ Nefnd um dómarastörf setur almennar reglur<sup>1)</sup> um að hvaða marki samrýmanlegt sé embætti dómara að hann eigi hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómari skal tilkynna nefndinni um hlut sem hann eignast í félagi eða fyrirtæki. Sé ekki getið um heimild til að eiga slíkan hlut í almennum reglum nefndarinnar skal dómari þó fyrir fram leita leyfis hennar til þess.

□ Með rökstuddri ákvörðun getur nefnd um dómarastörf meinað dómara að gegna aukastarfi eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Dómara ber að hlíta slíku banni, en heimilt er að leita úrlausnar dómtóla um lögmaði þess.

<sup>1)</sup> Rg. 463/2000.

■ **27. gr.** Hverjum þeim sem telur dómara hafa gert á hans hlut með störfum sínum er heimilt að beina skriflegri kvörtun af því tilefni til nefndar um dómarastörf. Í slíkri kvörtun skal greint frá atvikum og röksemendum fyrir því að brotið hafi verið á rétti þess sem hana ber fram. Berist nefndinni kvörtun sem hún telur þegar sýnt að gefi ekki tilefni til frekari aðgerða vísar hún kvörtuninni frá sér. Að öðrum kosti gefur nefndin hlutaðeigandi dómara og forstöðumanninn dómtóls kost að skila skriflegum athugasemnum innan tiltekins frests. Heimilt er nefndinni að taka í einu lagi til meðferðar tvær eða fleiri kvartanir sem beinast að sama dómara.

□ Sé kvörtun metin tæk til meðferðar skal nefnd um dómarastörf ljúka málina með skriflegu og rökstuddu álti. Telji nefndin kvörtunina gefa tilefni til aðgerða getur hún í álti sínu fundið að störfum hlutaðeigandi dómara eða veitt honum áminningu eftir ákvæðum 28. gr.

■ **28. gr.** Nú telur forstöðumaður dómtóls að háttsemi dómara eða vanräksla í starfi eða framferði hans utan starfs sé slík að aðfinnsluvert sé án þess þó að ákvæði 2. mgr. eigi við. Getur þá forstöðumaðurinn beint munnlegum eða skriflegum tilmælum til dómarans um úrbætur.

□ Beri tilmæli skv. 1. mgr. ekki árangur eða telji forstöðumaður dómtóls ávirðingar dómara alvarlegrí en svo að tilmæli hans ein séu við hæfi skal hann beina málina til nefndar um dómarastörf með skriflegu og rökstuddu erindi. Eins skal farið að ef dómari hlítir ekki ákvörðun dómtólaráðs eða banni skv. 4. mgr. 26. gr.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að beina máli til nefndar um dómarastörf með sama hætti og greinir í 2. mgr. Þá er nefndinni

og heimilt að taka mál upp að eigin frumkvæði ef atvik eru með þeim hætti sem þar segir.

□ Berist nefnd um dómarastörf mál samkvæmt því sem um ræðir í 2. eða 3. mgr. skal hún gefa hlutaðeigandi dómara kost á að taka til andsvara í skriflegri greinargerð. Nefndinni ber að öðru leyti að afla gagna eftir því sem hún telur nauðsyn bera til. Um meðferð málars fer annars samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga eftir því sem átt getur við.

□ Nefnd um dómarastörf skal ljúka máli með skriflegri og rökstuddri ákvörðun um hvort hlutaðeigandi dómara verði veitt áminning. Sé áminning veitt skal hún birt dómaramum með sannanlegum hætti, en jafnframt skal þá ákvörðunin send forstöðumanni dómstólsins sem hann starfar við auk [ráðherra].<sup>1)</sup> Dómstólaráði skal jafnframt send ákvörðunin ef héraðsdómari á í hlut.

□ Dómara, sem hefur sætt áminningu, er heimilt að höfða mál á hendur [ráðherra]<sup>1)</sup> fyrir hönd ríkisins til að fá hana fellda úr gildi, en það skal þá gert innan mánaðar frá því að hún var birt dómaramum.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr.

■ **29. gr.** Veita má dómara lausn frá embætti um standarsakir ef hann hefur sætt áminningu en lagar sig ekki að henni innan hæfilegs tíma eða gerist innan priggja ára á ný sekur um ávirðingar sem gefa tilefni til áminningar. Dómara verður einnig veitt lausn frá embætti um standarsakir ef hann missir almenn hæfisskilyrði til að gegna því. Það sama gildir jafnframt ef [rannsókn lögreglu]<sup>1)</sup> beinist að dómara eða [sakamál]<sup>1)</sup> er höfðað á hendur honum og áfellisdómur um sakirnar sem hann er borinn yrði til þess að hann missti almenn hæfisskilyrði.

□ Forseti Íslands veitir dómara við Hæstarétt lausn frá embætti um standarsakir samkvæmt tillögu [ráðherra],<sup>2)</sup> en ráðherra veitir héraðsdómara slíka lausn. Áður en lausn er veitt um standarsakir skal ráðherra afla skriflegrar umsagnar frá nefnd um dómarastörf.

□ Nú hefur dómara verið veitt lausn frá embætti um standarsakir af öðrum ástæðum en þeim sem getur í lokamálslið 1. mgr., og skal þá innan tveggja mánaða höfða á hendur honum mál samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 30. gr., en ella fellur lausnini sjálfkrafa niður. Verði máli vísað frá dómi eða sé það fellt niður fellur lausnini jafnframt sjálfkrafa niður ef nýtt mál er ekki höfðað innan tveggja vikna en þannig verður þó ekki farið að oftar en eitt skipti. Lausn sem veitt hefur verið um standarsakir eftir ákvæði lokamálsliðar 1. mgr. stendur þar til . . .<sup>1)</sup> rannsókn lýkur með ákvörðun um að hlutaðeigandi dómari verði ekki sottur til sakar, sex mánuðir eru liðnir án þess að ákæra sé gefin út á hendur honum eða [sakamáli]<sup>1)</sup> lýkur með endanlegum dómi um sýknu hans en annars þar til tvær vikur eru liðnar frá því að endanlegur dómur hefur gengið um sakfellingu hans.

□ Dómari heldur fullum embættislaunum meðan á lausn um standarsakir stendur.

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 151. gr.

■ **30. gr.** Þegar dómara hefur verið veitt lausn frá embætti um standarsakir höfðar [ráðherra]<sup>1)</sup> fyrir hönd ríkisins mál á hendur honum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur með kröfu um að honum verði vikið úr embætti með dómi. Um rekstur málars fer eftir almennum reglum um meðferð einkamála að öðru leyti en því að það sætir flýtimeðferð og skal dómur skipaður þremur héraðsdómumurum.

□ Þótt dómur gangi í héraði í máli skv. 1. mgr. stendur lausn um standarsakir áfram meðan kostur er á áfrýjun innan al-

menns frests, svo og enn eftir það meðan mál er rekið fyrir Hæstarétt ef áfrýjað er.

□ Endanlegur dómur um að dómara sé vikið frá leiðir sjálfkrafa til lausnar hans úr embætti.

□ Sé dómari sýknaður af kröfu um frávikningu tekur hann sjálfkrafa við embætti sínu á ný frá þeim tíma sem dómur um það telst endanlegur.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr.

■ **31. gr.** Forseti Íslands veitir dómurum við Hæstarétt lausn frá embætti samkvæmt tillögu [ráðherra]<sup>1)</sup> en [ráðherra]<sup>1)</sup> héraðsdómurum.

□ Dómara skal veitt lausn frá embætti ef hann leitar eftir henni sjálfur, enda sé það gert með þeim fyrirvara sem gildir almennt um starfsmenn ríkisins.

□ Dómari telst sjálfkrafa fá lausn frá embætti ef hann tekur við skipun í annað embætti.

□ Heimilt er að veita dómara lausn frá embætti án óskar hans ef hann er orðinn 65 ára, en hann skal þá upp frá því taka eftirlaun svo sem hann hefði gegnt embættinu til 70 ára aldurs nema hann njóti ríkari réttar samkvæmt stjórnskipunarlögum.

□ Dómara skal veitt lausn frá embætti ekki síðar en frá þeim degi sem hann nær 70 ára aldri.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr.

■ **32. gr.** Um refsíabyrgð dómara vegna háttsemi hans í embætti fer eftir almennum hegningarlögum og sérákvæðum annarra laga.

□ Verði athafnir dómara í starfi eða athafnaleysi öðrum til tjóns ber ríkið á því bótaábyrgð eftir almennum reglum. Dómari verður ekki sjálfur krafinn um bætur, en ríkinu er þó heimilt að gengnum áfellisdómi að beina að honum framkröfu, enda hafi ásetningsverk hans leitt til bótaskyldu.

□ Við rekstur mála samkvæmt framangreindu skal fara eftir almennum reglum.

■ **33. gr.** Um önnur atriði en að framan greinir gilda almennar reglur um starfsmenn ríkisins um dómara eftir því sem átt getur við.

#### V. kafli. Gildistaka, brottfall laga o.fl.

■ **34. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1998 að undanteknum ákvæðum 38. gr. sem taka þegar gildi.

...

#### VI. kafli. Ákvæði til bráðabirgða.

■ **37. gr.** Með gildistöku laga þessara er ekki raskað skipun eða setningu í dómarembætti.

□ Þeir sem gegna embættum héraðsdómara við héraðsdómstóla við gildistöku laga þessara hljóta þá sjálfkrafa embættisheitið héraðsdómari sem ekki verður bundið við ákveðinn dómtól.

□ Þeir sem gegna starfi dómstjóra við héraðsdómstóla þegar lög þessi öðlast gildi skulu halda þeim starfa til loka yfirstandi skipunartímabilis.

■ **38. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar menn í dómtólaráð, dómnefnd um héraðsdómaraembætti og nefnd um dómarastörf þegar þessi grein hefur öðlast gildi. Ráðið og nefndirnar taka þá þegar til starfa.

□ Þegar skipað er í fyrsta sinn í dómtólaráð skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli þannig að fimmtíð aðalmaður ásamt varamanni verði skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

□ [Við gildistöku laga þessara fellur niður skipun dómnarfndar skv. 3. mgr. 12. gr. laganna. Þegar skipað er í fyrsta sinn í nýja dómnarfnd skv. 4. gr. a. laganna skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til eins árs, annar aðalmaður ásamt varamanni til tveggja ára og þannig koll af kolli svo að fimmti aðalmaðurinn ásamt varamanni sé skipaður til fimm ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.]<sup>2)</sup>

□ Þegar skipað er í fyrsta sinn í nefnd um dómarastörf skal einn aðalmaður ásamt varamanni vera skipaður til tveggja ára, annar aðalmaður ásamt varamanni til fjögurra ára, en þriðji aðalmaðurinn og varamaðurinn til sex ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn af tilviljun þegar ráðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr. <sup>2)</sup> L. 45/2010, 6. gr.

■ **39. gr.** Héraðsdómara, sem er skipaður í embætti við gildistöku þessara laga, verður ekki gert að skipta um starfsvettvang gegn vilja sínum nema hann geti með góðu móti sótt vinnu á nýjum vettvangi án búferlaflutninga. Þetta gildir þó ekki ef flytja þarf dómara af starfsvettvangi sínum vegna varanlegrar fækkunar dómara þar.

□ Ákvæði 6. mgr. 15. gr. gilda um héraðsdómara þótt hann hafi verið skipaður í embætti fyrir gildistöku laga þessara.

■ **40. gr. . . .<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 45/2010, 7. gr.

■ **41. gr. . . .<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 45/2010, 7. gr.

■ **42. gr.** Verði heiti sveitarfélags sem getið er í 2. gr. breytt eða sameinist tvö eða fleiri þeirra skal litið svo á að sveitarfélagið, sem til verður í staðinn, heyri til dóumundæmisins sem það eldra eða þau eldri heyruðu til. Ef sameinuð eru tvö eða fleiri sveitarfélög sem hvort eða hvert heyra til síns dóumundæmis eftir ákvæðum 2. gr. skal [ráðherra]<sup>1)</sup> ákveða með reglugerð<sup>2)</sup> undir hvaða umdæmi nýja sveitarfélagið eigi þar til annarri skipan verður komið á með lögum.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 151. gr. <sup>2)</sup> Rg. 473/2009.

■ **[43. gr.** Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. skal tala héraðsdómara frá gildistöku laga þessara vera 43, en ekki skal skipa í embætti héraðsdómara, sem losna eftir 1. janúar 2013, fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 147/2009, 1. gr.

■ **[44. gr.** Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12. gr. og 43. gr. skal tala héraðsdómara frá 1. mars 2011 vera 48, en ekki skal skipa í embætti héraðsdómara, sem losna eftir 1. janúar 2013, fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 12/2011, 3. gr.

■ **[45. gr.** Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. skal tala hæstaréttardómara frá 1. mars 2011 vera 12, en ekki skal skipa í embætti hæstaréttardómara, sem losna eftir 1. janúar 2013, fyrr en þess gerist þörf til að ná þeirri tölu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 12/2011, 3. gr.